

## Jón Prándur Stefánsson

---

**Frá:** Jón Prándur Stefánsson  
**Sent:** miðvikudagur, 28. febrúar 2024 14:03  
**Til:** 'petur@hunabyggd.is'  
**Afrit:** 'hunabyggd@hunabyggd.is'  
**Efni:** RE: Re: Húnabyggð - úthlutun byggðarkvóta 2023-2024

Sæll Pétur,

Ráðuneytið hefur tekið til skoðunar tillögur sveitarstjórnar varðandi sérreglur byggðakvóta.

Að svo stöddu er ráðuneytið ekki tilbúið að staðfesta tillögur sveitarstjórnar þar sem rökstuðningur hefur verið metinn ófullnægjandi og að sveitarfélagið hafi ekki sýnt fram á að tillaga sveitarstjórnar sé byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlags.

Í umfjöllun ráðuneytisins var litið til þess að í tillögu sveitarstjórnar eru ekki rökstudd ástæða þess að óskað er eftir að skipta skuli 75% úthlutaðs byggðakvóta jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar, og 25% skal skipt í hlutfalli við hlutdeild í Húnaflóarækju miðað við hlutdeild skipanna 1. sept., 2021. Sérstaklega skal bent á að ósk þess að viðmiðunardagsetning sé 1. sept. 2021 er órökstudd og að verulegar líkur eru á því að slík breyting til viðbótar við 25% hlutdeild einstakra skipa í Húnaflóarækju muni hafa áhrif á aðila sem gætu átt rétt á úthlutun byggðakvóta. Því þarf að sýna fram á að slík ráðstöfun sé byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlags.

Sveitarstjórn er því gefin 14 daga frestur til þess að koma fram með frekari rökstuðning áður en afstaða verður tekin til tillögu sveitarstjórnar.

Með kveðju,  
Jón Prándur



**Jón Prándur Stefánsson, sérfræðingur / Special Advisor**

Skrifstofa sjávarútvegs / Department of Fisheries  
Matvælaráðuneyti / Ministry of Food, Agriculture and Fisheries  
Borgartún 26, 105 Reykjavík, Iceland  
Sími / Tel: (+354) 545 9700  
[www.mar.is](http://www.mar.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

Tilvísun í mál: MAR23110195

**Frá:** Pétur Arason

**Til:** Jón Prándur Stefánsson

**Sent:** 22.12.2023 10:31:09

**Efni:** Húnabyggð - úthlutun byggðarkvóta 2023-2024

Sæll Jón Prándur

Hér eru okkar óskir um sérreglur og ábendingar vegna úthlutunar byggðarkvóta 2023-2024.

Leggjum áherslu á að við mótmælum eindregið þeirri úthlutun sem okkur var veitt á næsta veiðiári.

Með kveðju,

**Pétur Arason**  
Sveitarstjóri



**Húnabyggð**

Hnjúkabyggð 33, 540 Blönduós

Farsími 776 0770

*Tölvupóstur þessi og viðhengi hans kunna að innihalda trúnaðarupplýsingar. Ef þú ert ekki réttur viðtakandi, er þess óskað að þú gætir fyllsta trúnaðar og leyndar, hvorki lesir, skráir, afritir né notfærir þér tölvupóstinn á nokkurn hátt, eins og þér er skylt skv. 5. mgr. 47. gr. laga nr 81/2003 um fjarskipti. Jafnframt er farið fram á að þú tilkynnir til sendanda um móttöku tölvupóstsins eins fljótt og verða má, með því að endursenda tölvupóstinn eða með sjálfstæðum tölvupósti. Loks er þess óskað að þú eyðir tölvupósti þessum, viðhengjum hans og afritum ef um þau er að ræða.*

*This message (including any attachments) contains confidential information intended for a specific individual and purpose, and is protected by law. If you are not the intended recipient, you should delete this message and are hereby notified that any disclosure, copying, or distribution of this message, or the taking of any action based on it, is strictly prohibited.*